

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óbyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.